

## **Jarðhiti í Viðvíkursveit í Skagafirði**



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/040

Október 2011

## Inngangur

Í þessari greinargerð er lýst yfirborðsjarðhita í Viðvíkursveit í Skagafirði. Í 1. Töflu eru samandregnar upplýsingar um jarðhitastaðina. Staðsetning jarðhitastaðanna er sýnd á 7. og 8. mynd.

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um jarðhita í Viðvíkursveit í Skagafirði.

Númer	Hiti°C	Rennsli l/s	Nafn	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
KY-01	8,8	?		Kýrholt	65° 45.726	19° 20.643
VI-01	10,2	0,1		Viðvík	65° 44.865	19° 17.561
VI-02	10,4	0,2-0,3		Viðvík	65° 44.864	19° 17.555
MI-01	9,6	nokkuð		Miklihóll	65° 44.940	19° 17.780
MI-02	10,5	nokkuð		Miklihóll	65° 44.937	19° 17.777
MI-03	10,0	nokkuð		Miklihóll	65° 44.930	19° 17.780

## Jarðhitalýsing

Kýrholt

KY-01

Lítill volgra var norðvestan í melholti og vottaði þar fyrir hvítum útfellingum. Hiti mældist þá 8,8°C. Volgran hvarf þegar borað var í Kýrholti. (1. mynd)



*1. mynd. Volgran í Kýrholti var þar sem örin bendir á. Kýrholtsbærinn í baksýn.*



**Viðvík VI-01**

Jarðhitinn í Viðvíkurlandi er tæplega 2 km suðvestur af bænum. Þar er velgja í lægðum milli urðarbingja. Staður VI-01 er innanvert í urðarhól og seytlar þar upp á svæði sem er um 40 cm í þvermál. Hæstur hiti mældist 10,2°C og hvítar útfellingar eru á steinum. Rennsli metið 0,1 l/s. (2. mynd)



*2. mynd. Jarðhitastaður VI-01 í Viðvík.*

**Viðvík**

**VI-02**

Um 5-8 metrum austar en staður VI-02 er stórt dý og í því er borhola SK-07. Dýið er um 2-3 metrar í þvermál og hæstur hiti mældist 10,4°C. Mikill vatnsagi er í kringum dýið. (3. mynd)



*3. mynd. Jarðhitastaður VI-02 í Viðvík.*



**Miklihóll****MI-01**

Liðlega 200 metrum norðvestar en jarðhitinn í Viðvíkurlandi eru nokkrar volgrur í landi Miklahóls. Volgrurnar eru allar í sama draginu sem er velgróin hallamýri. Staður MI-01 er nyrstur þessara staða. Þar er dý í mýrinni við læk. Hiti mældist 9,6°C en rennsli sést ekki. (4. mynd)



4. mynd. Jarðhitastaður MI-01 á Miklahóli.

**Miklahóll**

**MI-02**

Um 6-8 metrum sunnar og ofar en staður MI-01 er dý sem er um tveir metrar í þvermál. Dýið dúar allt. Hiti mældist 10,5°C. Rennsli sést lítið á yfirborði. (5. mynd)



*5. mynd. Jarðhitastaður MI-02 á Miklahóli.*



**Miklahóll****MI-03**

Um 15 metrum sunnar og ofar en staður MI-02 er dý sem er um tveir metrar í þvermál. Hiti mældist 10,0°C en rennsli sést ekki á yfirborði. (6. mynd)




6. mynd. Jarðhitastaður MI-03 á Miklahóli.





7. mynd. Jarðhiti í Viðvíkursveit í Skagafirði.



8. mynd. Jarðhiti í löndum Viðvíkur og Miklahóls.